

Stjórnarfundur Minjasafns Austurlands, haldinn í Safnahúsinu, Laufskógum 1 Egilsstöðum, fimmtudaginn 30. janúar kl. 10.00

Mætt: Björg Björnsdóttir, Björn Ingimarsson, Hulda Sigurdís Þráinsdóttir í fjarfundabúnaði, Þórdís Sveinsdóttir í fjarfundabúnaði og Vilhjálmur Jónsson. Tinna Jóhanna Magnússon boðaði forföll.

Dagskrá:

- 1. Breytt rekstrarfyrirkomulag Minjasafnsins**
- 2. Ársreikningur – staða**
- 3. Áhersluverkefni 2025 og 2026**
- 4. Drög að starfsstefnu 2025-2029**
- 5. Skýrsla safnstjóra**
- 6. Önnur mál.**

1. Breytt rekstrarfyrirkomulag Minjasafnsins

Formaður fór yfir hugmyndir að breyttu rekstrarfyrirkomulagi Minjasafns Austurlands og vinnu starfshóps um málið og drög að samþykktum fyrir safnið.

Stjórn Minjasafns Austurlands samþykkir að leggja til við aðildarsveitarfélög safnsins að ganga frá samningi sem byggir á fyrirliggjandi drögum að nýjum samþykktum fyrir Minjasafn Austurlands.

2. Ársreikningur staða

Lögð fram aðalbók fyrir Minjasafn Austurlands fyrir árið 2024. Safnstjóri kynnti fjárhagsstöðuna og forsendur hennar.

3. Áhersluverkefni 2025 og 2026

Safnstjóri kynnti áherslur í starfi safnsins næstu 2 ár sem helgast meðal annars af fyrirhuguðum framkvæmdum við Safnahúsið. Á árinu 2025 verður mótuð stefna um það hvernig safnkosturinn verður best nýttur, skipulag hans og grisjun. Þetta verður gert samhliða undirbúningi fyrir flutning alls safnkostsins úr geymslum í Safnahúsi og er miðað við að flutningi verði lokið í lok árs 2025. Þetta er umfangsmikið og kostnaðarsamt verkefni sem brýnt er að skipuleggja vel. Seinna áhersluverkefni ársins lýtur að því að auka þjónustu við bæði erlenda gesti safnsins, m.a. frá skemmtiferðaskipum, og innlenda. Það verður t.a.m. gert með leiðsögn sem hægt verður að nálgast með QR kóða og með lengri opnun á miðvikudagskvöldum yfir háannatímamann þar sem boðið verður upp á ýmsar upptakomur. Áhersluverkefni ársins 2026 lúta að endurskoðun grunnsýninga safnsins og ásamt því að skoða möguleika á rannsóknarverkefnum sem lúta að samfélaginu og menningu þess.

4. Drög að starfsstefnu 2025-2029

Safnstjóri kynnti drög að upp færslu starfsstefnu en við gerð hennar var litið til Safnastefnu á sviði menningarminja (2017), Menningarstefnu Múlabings (2024-2030), Sóknaráætlun Austurlands (2020-2024) og Svæðisskipulag Austurlands (2022-2044).

Stjórn Minjasafns Austurlands samþykkir að taka endanleg drög til afgreiðslu á næsta fundi.

5. Skýrsla Safnstjóra

Safnstjóri fór yfir starfsemi safnsins og kynnti helstu mál sem hún hefur unnið að frá upphafi starfstíma síns, 1. janúar sl.

6. Önnur mál

Næsti fundur stjórnar safnsins

Stjórn Minjasafns Austurlands, samþykkir að næsti fundur verði fimmtudaginn 13. febrúar kl. 12.00 í Safnahúsinu á Egilsstöðum. Til þrautavara mánudaginn 17. febrúar kl. 12.00

Fleira var ekki tekið fyrir og fundi slitið kl. 11:35. Fundargerð ritaði Vilhjálmur Jónsson.